

## 1998 nr. 70 15. júní

### Búnaðarlög

Tóku gildi 24. júni 1998. Breytt með: L. 53/2003 (tóku gildi 7. apríl 2003). L. 79/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005). L. 67/2005 (tóku gildi 1. sept. 2005). L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 129/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013). L. 113/2015 (tóku gildi 1. júlí 2016). L. 60/2016 (tóku gildi 1. júlí 2016 nema 2. og 11. gr. sem tóku gildi 22. júní 2016). L. 102/2016 (tóku gildi 1. jan. 2017). L. 84/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020). L. 31/2020 (tóku gildi 7. maí 2020).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísa, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

#### I. kaffi. Almenn ákvæði.

##### ■ 1. gr. Skilgreiningar.

1. *Jarðabætur* eru hvers konar framkvæmdir og umbætur á jörð sem stuðla að framförum í búrekstri, þar með talin ræktun og aðrar landbætur, endurheimt landgæða og gerð rekstrarbygginga og endurbætur á þeim.

2. *Búfjárrækt* er starfsemi sem með skipulegu kynbóta-starfi og bættri fóðrun stuðlar að framförum í búfjárframleiðslu.

3. *Búfé* er hross, nautgripir, sauðfé, geitur, svín, loðdýr, kanínur og alifuglar, auch þess eldisfiskar og önnur dýr sem haldin eru til nytja. Rísi ágreiningur um hvað falla skuli undir hugtakið búfé sker [ráðherra]<sup>1)</sup> úr þeim ágreiningi.

4. *Leiðbeiningarmiðstöð* er miðstöð á vegum [Bændasamtaka Íslands]<sup>2)</sup> þar sem starfa sérfróðir menn á ýmsum svíðum landbúnaðar við leiðbeiningar og önnur verkefni tengd framkvæmd laga þessara.

5. *Búnaðarfélag* er félag bænda á ákveðnu svæði, óháð þeim búrekstri sem heir stunda.

6. *Búgreinafélag* er félag bænda á ákveðnu svæði sem stunda sömu búgrein.

7. *Búnaðarsamband* er svæðisbundið samband búnaðarfélaga, búgreinafélaga og/eða einstakra bænda.

8. *Búgreinasamband* er landssamband búgreinafélaga eða einstakra bænda sem stunda sömu búgrein.

9. *Ræktunarstöð* er sæðingarstöð, [einangrunarstöð],<sup>3)</sup> uppeldisstöð fyrir kynbótagripi af innlendum eða erlendum stofni eða stofnverndarbú til ræktunar búfjárstofna vegna sameiginlegs ræktunarstarfs búgreinar.

10. *Fagráð* er nefnd sem mótar stefnu í kynbótum, rannsóknnum, fræðslumálum og þróunarstarfi búgreinar. Fagráð getur starfað á fagsviði, t.d. hagfræði.

[11. *Landgreiðslur* eru greiðslur sem greiddar eru út á rækt-að land sem uppskorið er til fóðuröflunar.]<sup>3)</sup>

[12.]<sup>3)</sup> [*Landsráðunautur eða fagstíjóri* er ráðunautur sem hefur yfirumsjón með leiðbeiningum á sínu svíði á landsvísu.]<sup>2)</sup>

[13.]<sup>3)</sup> ...<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 273. gr. <sup>2)</sup> L. 129/2012, 1. gr. <sup>3)</sup> L. 102/2016, 43. gr.

##### ■ 2. gr. Markmið laganna.

□ [Markmið laga þessara er að:

a. almenn starfsskilyrði við framleiðslu og vinnslu búvara ásamt stuðningi ríkisins stuðli að áframhaldandi hagræðingu, bættri samkeppnishæfni og fjölbreyttu framboði gæðaafurða á sanngjörnu verði,

b. tryggja að bændum standi til boða leiðbeiningarþjónusta og skýrsluhaldshugbúnaður til að styðja við framgang markmiða samnings skv. 3. gr.,

c. við búvöruframleiðsluna sé gætt sjónarmiða um velferð dýra, heilnæmi afurða, umhverfisvernd og sjálfbæra landnýtingu,

d. auka vægi lífrænnar framleiðslu,

e. stuðningur ríkisins stuðli að áframhaldandi þróun í greininni og bættri afkomu bænda,

f. auðvelda nýliðun þannig að nauðsynleg kynslóðaskipti geti orðið í hópi framleiðenda,

g. tryggja að stuðningur ríkisins nýtist sem best starfandi bændum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 44. gr.

##### ■ 3. gr. Yfirstjórni og fjárfamlög ríkisins.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> hefur á hendi yfirstjórni þeirra mála sem lög þessi taka til. Hann skal gera samning við Bændasamtök Íslands til [tíu]<sup>2)</sup> ára í senn um verkefni samkvæmt lögum þessum og framlög til þeirra ...<sup>3)</sup>. [Samningurinn skal endurskoðaður á samningstímanum.]<sup>2)</sup> Búnaðarþing skal fjalla um samning [ráðherra]<sup>1)</sup> og Bændasamtaka Íslands um verkefni og fjármögnun þeirra.

□ [Ríkissjóður veitir árlega framlög til verkefna á sviði kynbóta, þróunar, jarðabóta, landgreiðslna, nýliðunar, lífrænnar framleiðslu, varðveislu búfjárstofna, átaksverkefna og leiðbeiningarstarfsemi samkvæmt lögum þessum.]<sup>2)</sup>

□ Bændasamtök Íslands hafa á hendi faglega og fjárhagslega umsjón þeirra verkefna sem svo er samið um skv. 1. mgr. og fjárveiting heimilar og annast framkvæmd þeirra nema öðruvísi sé um samið eða ákveðið með lögum, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna. Bændasamtök Íslands, [félög í fullri eigu samtakanna]<sup>2)</sup> og önnur samtök sem fara með verkefni samkvæmt lögum þessum geta tekið gjald fyrir þjónustu sína samkvæmt gjaldskrá sem [ráðherra]<sup>1)</sup> staðfestir.

□ [Peir framleiðendur einir fá greiðslur í samræmi við samning skv. 1. mgr. sem stunda landbúnað á lögbýli eða garðyrkjubýli, eru með virðisaukaskattsnúmer og starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanaúmer 01 og 02 í atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, sbr. ÍSAT2008, þó ekki starfsemi í undirflokkum 01.61, 01.62, 01.63, 01.64, 01.70 og 02.40. ...<sup>3)</sup> Á hverju lögbýli eða garðyrkjubýli skal að eins einn framleiðandi vera skráður handhafi greiðslna. Þó er einstaklingum í hjúskap eða óvígðri sambúð á hverju lögbýli heimilt að skrá two framleiðendur sem handhafa greiðslna. Þegar um fleiri sjálfstæða rekstraraðila er að ræða með aðskilinn búrekstur getur hver og einn þeirra verið handhafi greiðslna.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 273. gr. <sup>2)</sup> L. 102/2016, 45. gr. <sup>3)</sup> L. 31/2020, 3. gr.

##### ■ 4. gr. Fagráð.

□ Fagráð skulu starfa fyrir hverja búgrein og á einstökum fagsviðum. Fagráð móta stefnu í kynbótum og þróunarstarfi viðkomandi búgreinar, skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins. Enn fremur móta þau tillögur um stefnu í fræðslumálum og rannsóknnum búgreinarrinnar og fjalla um önnur mál sem vísað er þangað til umsagnar og afgreiðslu. Í fagráðum skulu sitja menn út hópi starfandi bænda og einn ráðunautur í hlutadeigandi búgrein eða fagsviði. Jafnframt skulu sitja í fagráðum eða starfa með þeim sérfróðir aðilar. Fagráð skulu hljóta staðfestingu [ráðherra]<sup>1)</sup> að fenginni umsögn Bændasamtaka Íslands.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 273. gr.

##### ■ 5. gr. Um félagsaðild bænda.

□ Hver sá sem stundar búrekstur í atvinnuskyni á rétt að aðild að búnaðarsambandi síns héraðs gegnum búnaðarfélag, búgreinafélag eða með beinni aðild eftir samþykktum viðkom-

andi búnaðarsambands. Sama búnaðarsamband getur náð yfir fleiri héruð og sýslur.

## II. kaffi. [Jarðabætur og landgreiðslur.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 48. gr.

### ■ 6. gr. Markmið.

□ Jarðabætur sem hér um ræðir skulu miða að því að bæta aðstöðu til búskapar á viðkomandi býlum og stuðla með því að framförum í landbúnaði og auka samkeppnishæfni hans. Þær skulu auk þess stuðla að sjálfbærri landnýtingu og verndun vistkerfa, taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni, markmiðum þjóðarinnar um verndun umhverfis og sjálfbæra þróun og stuðla að framþróun vistrænna og lífrænna búskaparháttu.

### ■ 7. gr. Framkvæmd.

□ Skilyrði þess að jarðabætur njóti framlags [eða landgreiðslna]<sup>1)</sup> samkvæmt lögum þessum eru að um þær hafi verið samið eins og lýst er í 3. gr. laga þessara, að um það hafi verið sótt og með því mælt af viðkomandi búnaðarsambandi eða leiðbeiningarmiðstöð. [Ráðherra]<sup>2)</sup> setur með reglugerð nánari ákvæði um skilyrði fyrir framlögum til jarðabóta [og landgreiðslna],<sup>1)</sup> fresti til umsókna og tilhögum greiðslna.

□ Framlög til jarðabóta geta náð til allra jarðeigna þar sem landbúnaður er stundaður, að undanskildum þeim jörðum og jarðarhlutum sem liggja á svæðum sem tekin hafa verið úr landbúnaðarnotum eða hafa verið skipulögð til annars en landbúnaðar.

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 46. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 273. gr.

### ■ 8. gr. Eftirlit.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> annast eftirlit með að jarðabætur séu unnar í samræmi við fyrílliggjandi áætlun og aðrar reglur sem gilda um slíkar framkvæmdir og annast úttekt þegar framkvæmd er lokið. [Heimilt er, með samningi, að fela stjórnvaldi eða aðila utan stjórnsýslunnar þetta eftirlit.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 8/2019, 7. gr.

## III. kaffi. [Kynbótaverkefni.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 51. gr.

### ■ 9. gr. Markmið.

□ Markmið [kynbóta]<sup>1)</sup> er að tryggja framfarir í ræktun búfjár í þeim tilgangi að auka samkeppnishæfni íslensks búfjárs og búfjárafurða. [Einnig skal tryggja framfarir á sviði stofnraektunar og útvathsathugana plantna. Kynbótaverkefni skulu taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 49. gr.

### ■ 10. gr. Skyrsluhald.

□ Bændasamtök Íslands skulu sjá um kynbótaskýrsluhald fyrir hverja búgrein og móta um það reglur ásamt fagráðum og bera ábyrgð á kynbótamati á grundvelli þess.

### ■ 11. gr. Ræktunarstöðvar.

□ Hlutverk ræktunarstöðva . . .<sup>1)</sup> er að rækta með úrvali eða innflutningi erfðaefnis þá eiginleika sem taldir eru eftirsóknarverðir. Ríkissjóður tekur þátt í stofnun og rekstri ræktunarstöðva samkvæmt samningi við Bændasamtök Íslands, sbr. 3. gr. laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 50. gr.

### ■ 12. gr. . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 67/2005, 1. gr.

### ■ 13. gr. Búfársýningar og búfjármat.

□ Fagráð hverrar búgreinar skal meta þörf fyrir kynbótadóma og sýningar búfjár í viðkomandi búgrein og gera til-lögur til Bændasamtaka Íslands og viðkomandi aðildarfélaga um dómkostförf og sýningaráhald.

□ Sláturleyfishöfum er skylt að láta í té aðstöðu til þess að framkvæma nauðsynlegar athuganir á afurðum, enda sé þeim gert viðvert um þær við gerð áætlana um slátrun í viðkomandi húsi.

### ■ 14. gr. Útflutningur búfjár.

□ Útflutningur búfjár er heimill án sérstakra leyfa nema þegar um er að ræða úrvalskynbótagripi. [Ráðherra]<sup>1)</sup> skal með reglugerð setja nánari reglur þar um að fenginni umsögn viðkomandi fagráðs, m.a. um forkaupsrétt innlendra aðila. Þá getur hann sett skilyrði um ástand og meðferð búfjáris.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 273. gr.

### ■ 15. gr. Stofnverndarsjóður.

□ Starfrækja skal sérstakan sjóð, stofnverndarsjóð, til þess að veita lán eða styrki til kaupa á sérstökum úrvalskynbótagripum sem annars kynnu að verða fluttir úr landi. Jafnframt má veita úr sjóðnum fé til þróunarverkefna í viðkomandi búgreinum. Sjóðnum skal skipt í deildir eftir búfjártategundum og fer fagráð með stjórn hlutaðeigandi deildar.

### ■ 16. gr. [Erfðaneftir landbúnaðarins.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar sjóð menn og jafnmarga til vara í erfðaneftnd landbúnaðarins að fengnum tilnefningum frá Bændasamtökum Íslands, [Landbúnaðarháskóla Íslands, sem tilnefnir two menn],<sup>2)</sup> [Skógræktinni],<sup>3)</sup> [Hafrannsóknastofnun]<sup>4)</sup> og Náttúrufræðistofnun Íslands. Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar. Nefndin skal skipuð til brigga ára í senn.

### □ Helstu verkefni nefndarinnar eru:

- að annast samráð innan lands um varðveislu erfðaaußilinda í landbúnaði,
- að hvetja til rannsókna á sviði erfðaaußilinda í landbúnadi,
- að stuðla að miðun þekkingar um erfðaaußilindir og gildi þeirra, jafnt með kennslu sem upplýsingagjöf til almennings,
- að veita hagsmunaaðilum og stjórnvöldum ráðgjöf um varðveislu og nýtingu erfðaaußilinda í landbúnaði,
- að annast samskipti við erlenda aðila á þessu sviði í samstarfi við tengiliði Íslands hjá alþjóðastofnunum.

□ [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um verkefni nefndarinnar og nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar á ákvæðum þessarar greinar.]<sup>5)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 273. gr. <sup>2)</sup> L. 79/2004, 5. gr. <sup>3)</sup> L. 60/2016, 13. gr. <sup>4)</sup> L. 113/2015, 3. gr. <sup>5)</sup> L. 53/2003, 1. gr.

## IV. kaffi. Um leiðbeiningarstarfsemi.

### ■ 17. gr. Markmið.

□ Markmið leiðbeiningarþjónustu samkvæmt lögum þessum er að miðla upplýsingum til bænda og stuðla með því að bættum búskaparháttum og framförum í búskap, til hagsbóta og bættra lífskjara fyrir bændur og neytendur búvara. Hún skal á hverjum tíma afla og miðla bestu þekkingu og reynslu um alla þætti búrekstrar sem bændur leggja stund á, eftir því sem við verður komið.

### □ Hlutverk leiðbeiningarþjónustunnar er að:

1. miðla líffræðilegi, tæknilegi og hagfræðilegi þekkingu til allra búgreina,

2. þróa hagfræðileg og búfræðileg hjálpartæki fyrir leiðbeiningarstarfsemi og fyrir einstaka bændur, svo sem með gerð hentugra tölvuforrita,

3. kynna fyrir þeim sem starfa að landbúnaði stefnumörkun stjórnvalda í máléfnum landbúnaðarins og á öðrum sviðum er hann snerta, svo sem í landverndar- og umhverfismálum,

4. vera stjórnvöldum til aðstoðar við framkvæmd löggjafar eftir því sem við getur átt og um semst milli aðila,
  5. stuðla bæði faglega og félagslega að þróun nýrra búgreina og fylgjast með árangri frumherja á því sviði,
  6. stuðla að sjálfbærri þróun við nýtingu auðlinda,
  7. vinna að eflingu búrekstrar í sveitum.
- Leiðbeiningarpjónustan skal stuðla að því sem hún hefur tök á, að búskapur þróist í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er með sammingum samtaka bænda við ríkisvaldið.
- [Allir bændur eiga rétt á leiðbeiningarpjónustu samkvæmt lögum þessum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 129/2012, 3. gr.

### ■ 18. gr. [Leiðbeiningar]

- Hjá leiðbeiningarmiðstöð starfa ráðunautar sem sinna faglegum leiðbeiningum fyrir bændur undir faglegri umsjón Bændasamtaka Íslands. Þeir annast eftirlit með búfjárrækt og kynbótum í þeim greinum sem lög þessi taka til. Þeir annast einnig eftirlit með jarðabótum og úttekt jarðabóta eftir því sem við á, sbr. 8. gr.
- Ráðunautar skulu hafa lokið háskólaprófi í búvísindum eða öðrum fræðigreinum eftir því sem við getur átt eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.
- Landsráðunautar eða fagstjórar skulu starfa í einstökum búgreinum eða fagsviðum eftir því sem um er samið skv. 1. mgr. 3. gr. og fjárvéiting heimilar. Þeir hafa yfirumsjón með leiðbeiningum, kynbótum og ræktun í viðkomandi búgrein.
- Landsráðunautar eða fagstjórar skulu hafa lokið háskólaprófi í búfræðum og hafa lokið sérnámi á sínu starfssviði eða hafa menntun og starfsreynslu sem stjórn Bændasamtaka Íslands metur jafngilda.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 129/2012, 4. gr.

### V. kafli. Ýmis ákvæði.

#### ■ 19. gr. Reglur um framkvæmd laganna.

- [Ráðherra]<sup>1)</sup> setur með reglugerð<sup>2)</sup> nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 273. gr. <sup>2)</sup> Rg. 557/1998. Rg. 449/2002, sbr. 677/2002, 297/2017 og 361/2017. Rg. 151/2005. Rg. 442/2011, sbr. 476/2018 og 568/2020. Rg. 1123/2015. Rg. 540/2016. Rg. 878/2016. Rg. 1260/2018, sbr. 631/2020. Rg. 1253.

#### ■ 20. gr. Framkvæmdaneftnd búvorusamninga.

- Framkvæmdaneftnd búvorusamninga er samráðsvettvangur samningsaðila um framkvæmd samnings skv. 3. gr. Ráð-

herra skipar nefndina samkvæmt ákvæðum búvörulaga. Nefndin er ráðherra til ráðgjafar við framkvæmd samnings skv. 3. gr. Hún tekur ákvárdanir um tilfærslur framlaga milli einstakra samningsliða og greiðslutilhögun framlaga. Fundargerðir og ákvárdanir nefndarinnar skal birta opinberlega.

- Ákvárdanir framkvæmdaneftndar búvorusamninga eru endanlegar á stjórnsýslustigi.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 52. gr.

#### ■ [21. gr. Próunarframlög.

- Próunarframlög eru veitt til að styðja við kennslu, rannsóknir, leiðbeiningar og þróun í garðyrkju, nautgriparsækt og sauðfjárrækt sem og öðrum búgreinum.

- [Framlögum til verkefna skv. 1. mgr. skal ráðstafa að fenginni umsögn fagráðs í viðkomandi búgrein.]<sup>1)</sup><sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 31/2020, 3. gr. <sup>2)</sup> L. 102/2016, 52. gr.

#### ■ [22. gr. Aðlögun að lífrænni framleiðslu.

- Framlög eru veitt til að greiða fyrir aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum og aðstoða framleiðendur við að uppfylla kröfur um lífræna búvöruframleiðslu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 52. gr.

#### ■ [23. gr.]<sup>1)</sup> Gildistaka.

- Lög þessi taka þegar gildi . . .

<sup>1)</sup> L. 102/2016, 52. gr.

#### ■ Ákvæði til bráðabirgða.

- Landbúnaðarráðherra er heimilt að leita eftir samningum við bændur um greiðslur á sérstökum framlögum vegna framkvæmda á lögþýlum sem tekna voru út og samþykktar af héraðsráðunautum á árunum 1992–97, en ákvæði laga þessara gilda um framkvæmdir sem hafa verið tekna út og samþykktar á árinu 1998. Um samninga við bændur verði eftirfarandi reglum fylgt:

a. Semja skal um greiðslu ákvæðins hlutfalls af reiknuðu framlagi samkvæmt reglugerð nr. 417/1991. Heimilt er að greiða mishátt hlutfall eftir eðli framkvæmda, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra.

b. Skýrt verði kveðið á um í samningum þessum að um sé að ræða fullnaðaruppgjör vegna framkvæmda sem gátu notið framlags samkvæmt lögum nr. 56/1987, með síðari breytingum, sbr. einnig reglugerð nr. 417/1991.

Ríkissjóður mun verja 50 millj. kr. hvert ár á fjárlögum áranna 1998, 1999 og 2000 til efnda á samningum landbúnaðarráðherra og 35 millj. kr. á árunum 2001 og 2002 hvort ár.